Dómsorð:

Ákærði E sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði Sigvaldi Jónsson sæti fangelsi í 8 mánuði.

Ákærði E er sviptur ökuréttindum ævilangt frá dómsuppsögu.

Ákærði E greiði skipuðum verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hrl., 15.000 krónur í málsvarnarlaun.

Ákærðu greiði óskipt annan sakarkostnað.

Föstudaginn 14. nóvember 1986.

Nr. 260/1986. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Sigurði Árna Jónssyni
(Othar Örn Petersen hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Halldór Þorbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 5. september 1986 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákæruvalds til þyngingar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, þar með talinna saksóknarlauna í ríkissjóð, en verjandi ákærða, Othar Örn Petersen hæstaréttarlögmaður, lýsti yfir því að hann gerði eigi kröfu til málsvarnarlauna.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Sigurður Árni Jónsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 29. apríl 1986.

Ár 1986, þriðjudaginn 29. apríl er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 253/1986: Ákæruvaldið gegn Sigurði Árna Jónssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara dagsettu 25. mars sl. á hendur ákærða, „Sigurði Árna Jónssyni, Fagrabæ 14, Reykjavík, fæddum 15. október 1934 í Norður-Ísafjarðarsýslu, fyrir að aka, föstudaginn 14. febrúar 1986, sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreiðinni X-6377 vestur Bæjarháls í Reykjavík, þar til hann ók bifreiðinni út af veginum á afrennslisbraut frá Bæjarhálsi að Höfðabakka.

Telst þetta varða við 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessir samkvæmt framburði ákærða og öðru því sem fram er komið í málinu:

Föstudaginn 14. febrúar sl. um kl. 13:00 ók ákærði bifreiðinni X-6377 vestur Bæjarháls í Reykjavík, en er hann beygði til hægri norður Höfðabakka, missti hann vald á bifreiðinni með þeim afleiðingum að hún hafnaði á stagi, sem styður við tréljósastaur sem þarna er.

Er umræddur akstur fór fram var ákærði sviptur ökuréttindum ævilangt.

Með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins er sannað að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar þykir rétt færð til refsiákvæða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann frá árinu 1977 sætt eftirtöldum refsingum:

1977	12/1	í Reykjavík. Sátt: 3.000 kr. sekt fyrir brot á 248., sbr. 256. gr. hegnl.
1978	1/9	á Seltjarnarn. Sátt: 50.000 kr. sekt f. brot g. 2. sbr. 3. mgr. 25. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi 3 mán. frá 21/8 '78.
1983	5/5	í Reykjavík. Sátt: 7.000 kr. sekt f. brot á 27. og 50. gr. umfl.
1983	31/5	í Reykjavík. Sátt: 4.000 kr. sekt f. brot g. 27. gr. umfl. Hegningarauki.
1983	18/10	í Reykjavík. Dómur: 12.000 kr. sekt f. brot g. 2. sbr. 3. mgr. 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 3/2 1983.
1984	27/1	í Reykjavík. Sátt: 6.000 kr. sekt f. brot g. 27. gr. umfl.
1985	4/1	í Reykjavík. Sátt: 15.000 kr. sekt f. brot g. 27. gr. umfl.

Auk þess sættist ákærði á árunum 1954-1969 7 sinnum á sektargreiðslur aðallega vegna brota á umferðarlögum.

Ákærði hefur með greindri háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga. Með hliðsjón af sakaferli ákærða þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald í 25 daga.

Dæma ber ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Árni Jónsson, sæti varðhaldi í 25 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Mánudaginn 17. nóvember 1986.

Nr. 254/1985. **Gunnar Atlason**
(Arnmundur Backman hrl.)
gegn
Veitingahúsinu Álfabakka 8 h/f
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Vinnusamningar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Halldór Þorbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 19. nóvember 1985 að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 6. sama mánaðar. Hann krefst þess aðallega að stefndi verði dæmdur til þess að greiða sér 11.500,52 krónur ásamt 45% ársvöxtum af 1.680,00 krónum frá 4. janúar 1983 til 2. febrúar s.á., af 3.526,00 krónum frá þeim degi til 2. mars s.á., en af 11.500,52 krónum frá þeim degi til þingfestingardags 6. september 1985, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags,